

AKRANESKAUPSTAÐUR		
Skj.nr. 2.9	Mótt. af Gró	Mótt. dags 17 SEPT. 2015
Áb.m. RÁ	Úrv.aðili St.A	Afrit RÁ/St.A
Símtal	Tölvup.	Fax AÓ/SH
Svarfr.	Trún.mál	Fskj. GG
Málsnr. One 509174		



Akraneskaupstaður
b.t. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri
Stíllholti 16-18
300 AKRANESI

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 16. september 2015
Tilv.: IRR15030230/18.14.3

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Þann 31. desember 2014 rann út gildistími viðauka við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins sem var undirritað 13. maí 2011. Viðaukinn náði jafnframt til samkomulags ríkis og sveitarfélaga um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011. Unnið er að framlengingu á gildistíma viðaukans sem nærði út árið 2015.

Á grundvelli fjárlaga ársins 2015 veitir ríkissjóður 520 m.kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til greiðslu framlaga á grundvelli ákvæða reglugerðar nr. 23/2013 um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins. Greiðslur hafa því borist reglulega til sveitarfélaga á árinu. Á móti skuldbinda sveitarfélögin sig til að standa áfram tímabundið straum af verkefnum frá ríkinu sem nema 230 m.kr. á árinu.

Með setningu laga nr. 72/2015 um breytingu á ýmsum lögum vegna samkomulags ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til námsins er Jöfnunarsjóði sveitarfélaga veitt heimild til að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags, í þeim verkefnum sem tilheyra tímabundinni breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, með því að draga hlutdeild hvers sveitarfélags á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2015 frá greiðslum á framlögum sjóðsins. Með setningu laganna var jafnframt aflað lagaheimildar til að veita 30 m.kr. til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla í stað þeirrar greiðslu sem rann áður í Varasjóð húsnæðismála.

Á árinu 2015 er því um eftirfarandi verkefni að ræða. Tekið er mið af íbúafjölda sveitarfélagsins 1. janúar 2015 sem var **6.767**.

- Námsgagnasjóður, 54,0 m.kr.
- Vistheimilið Bjarg, 63,3 m.kr.
- Bráðavandi tónlistarskóla 30,0 m.kr.
- Sumardvalarheimlið í Reykjadal, 29,2
- Tölvumiðstöð fatlaðra, 8,9 m.kr.
- Endurmenntunarsjóður grunnskóla, 44,6 m.kr.

Innheimtan, sem fram fer á tímabilinu september - desember, nemur samtals **4.729.292 kr.**

og mun fara fram af framlögum til sveitarfélagsins vegna útgjaldajöfnunarframlaga sem hér segir:

- Í lok september vegna Námsgagnasjóðs **1.110.356 kr.**
- Í lok október vegna Vistheimilisins Bjargs **1.301.583 kr.**
- Í lok nóvember vegna Bráðavanda tónlistarskóla **616.864 kr.**
- Í lok nóvember vegna Sumardvalarheimilis í Reykjadal **600.414 kr.**
- Í lok desember vegna Tölvumiðstöðvar fatlaðra **183.003 kr.**
- Í lok desember vegna Endurmenntunarsjóðs grunnskóla **917.071 kr.**

Til nánari upplýsinga fyrir sveitarfélög er sérstakt svæði á vefsíðu sjóðsins: jofnunarjodur.is, undir *Styttu þér leið/ Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga* þar sem fram munu koma upplýsingar um framangreinda innheimtu af tilgreindu framlagi sjóðsins til sveitarfélagsins í viðkomandi mánuði á árinu 2015.

Fyrir hönd ráðherra

Elín Pálsdóttir

Elín Gunnarsdóttir